

Mál nr. 176/2018**M og****V v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda sem unnar voru á húseign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 14.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði leigt nánar tilgreinda húseign sína á Akureyri um stundarsakir í byrjun febrúar 2018. Að morgni 4. febrúar komu tveir menn að húsinu í þeim tilgangi að sækja eina manneskju sem þar dvaldist að því er segir í fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Þar kemur einnig fram að er leigutakinn hafi opnað útidyrnar fyrir mönnunum tveimur hafi annar þeirra slegið leigutakann í andlitið og þeir tekist á inni á gangi í húsinu. Í framhaldinu hafi umræddir menn „lagt allt í rúst í íbúðinni.“ M.a. hafði verið gert gat á vegg við sjónvarpsskáp, sprautað úr slökkvitæki yfir gólf, eldhúsinnréttingu og eldavél, skemmdir unnar á innréttingu í baðherbergi og baðherbergishurð brotin upp þannig að hurðarkarmur var brotinn og hurðin rispuð.

M hefur krafist bóta vegna skemmda á húseigninni úr húseigendatryggingu sem hann hefur í gildi hjá V vegna eignarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu. M hefur ekki sætt sig við höfnun V, þar sem vátryggingin bæti tjón af völdum innbrots. Hugtakið „innbrot“ sé ekki skilgreint í skilmálunum, en samkvæmt Lögfræðiorðabók með skýringum (CODEX – Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) sé til skýringar á orðinu vísað til skýringar á orðinu „húsbrot“ sem sé skilgreint svo í ritinu: „Refsiverður verknaður sem felst í því að maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns eða annan honum óheimilan stað eða synjar að fara þaðan þegar skorað er á hann að gera það, sbr. 231. gr. hgl.“ Verði að miða við að innbrot sé það sama og húsbrot en um húsbrot eða innbrot hafi verið að ræða umrætt sinn. V sé því bótaskyldt vegna skemmda á húseigninni.

Álit.

Í 9. gr. vátryggingarskilmála húseigendatryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V er fjallað um bótasvið vátryggingarinnar. Í gr. 9.3 eru ákvæði um það hvenær tjón bætist af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Þannig er mælt fyrir um það samkvæmt gr. 9.3.1 að vátryggingin bæti tjón af völdum innbrots eða innbrotstilraunar. Í beinu framhaldi er í gr. 9.3.2 mælt fyrir um varúðarreglu þar sem segir að vátryggður skuli sjá til þess að vátryggð húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað. Þegar litið er til bótasviðs vátryggingarinnar og þeirrar varúðarreglu sem beinlínis á við í þessu tilviki, svo og almenns málskilnings, verður að telja að ekki sé neinum vafa undirorpið með hugtakinu „innbroti“ í téðu skilmálaákvæði sé átt við þá athöfn þegar einhver brýtur sé leið inn í húsnæði í stað þess að fara um venjulegar og algengar inngönguleiðir, svo sem um dyr sem opnaðar eru á eðlilegan og venjulegan hátt með lykli eða öðrum búnaði. Skýring í fyrrgreindri lögfræðiorðabók fær ekki hagg að þessari skilgreiningu. Ekki er um það að villast að þær skemmdir sem unnar voru á húseign M áttu sér ekki stað við innbrot eða tilraun til innbrots. Engin önnur ákvæði skilmálanna varðandi bótasvið geta komið til álita í máli þessu. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.